

## REGLUGERÐ

### um fyrirkomulag og fjárhæð sekta skv. 2. mgr. 21. gr. laga um landamæri nr. 136/2022.

#### 1. gr.

##### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fjárhæð og beitingu sekta vegna brota á 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um landamæri.

#### 2. gr.

##### Tímabundið eftirlit á innri landamærum.

Í ákvörðun ráðherra um að taka upp tímabundið eftirlit á innri landamærum skv. 13. gr. laga um landamæri skal þess getið hvort ákvæði 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr. laganna um skyldur flutningsaðila skuli gilda.

#### 3. gr.

##### Fjárhæð og beiting sekta.

Lögreglustjóri í því umdæmi sem brot er framið leggur sektir á stjórnanda skips eða loftfars vegna brota á 1. mgr. 17. gr., sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um landamæri. Um sektarákvörðun fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglugerðar nr. 205/2009.

Fjárhæð sektar fyrir hvern farþega sem fluttur er skal nema 500.000 kr., hvort sem hún beinist að stjórnanda skips eða loftfars eða lögaðila, sbr. 4. mgr. 21. gr. laganna.

#### 4. gr.

##### Innleiðing.

Með reglugerð þessari eru innleiddar bótafjárhæðir á flutningsaðila í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 2001/51/EB frá 28. júní 2001 um viðbót við ákvæði 26. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.

#### 5. gr.

##### Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í j-lið 1. mgr. 23. gr. laga um landamæri nr. 136/2022, sbr. 1. mgr. 17. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 4. apríl 2024.

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*